

Föstudaginn 6. janúar kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Boðuð eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar, og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

1. Fundargerð fyrri fundar
 - Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Upphæð til úthlutunar fyrir myndlistarsjóð 2023
 - Auður Jörundsdóttir fer yfir kostnaðaráætlun fyrir verkefna- og rekstrarkostnað myndlistarráðs árið 2023: fyrri og seinni úthlutun úr myndlistarsjóði, ný vefsíða, vinnustofudvöl ISCP og myndlistarverðlaunin.
 - Myndlistarráð leggur til að forsendur fyrir fastan kostnað verði endurskoðaðar úr frá síðasta rekstrarári. Auður mun skoða nánar fyrir næsta fund.
 - Myndlistarráð samþykkir að úthluta 32 milljónum í fyrri úthlutun myndlistarsjóðs og og 25,5 milljón króna í seinni úthlutun myndlistarsjóðs.
3. Fyrri umsóknarlota myndlistarsjóðs 2023
 - Tinna Guðmundsdóttir fer yfir uppfært umsóknareyðublað fyrir myndlistarsjóð. Helstu breytingar eru að það náðist að bæta við kommu og láta „Samtals“ liðinn reiknast sjálfkrafa í eyðublaðinu. Búið er að bæta við að umsækjendur þurfa að tilgreina nánar hvaða styrkhæfa kostnaðarlið verið sé að sækja um styrk fyrir og er hægt að setja hlekk sem vísar í ferilsskrá.
 - Rætt aftur um að taka út liðinn „Þóknun og laun listamanna“ úr kostnaðaráætlun. Helstu rökin fyrir því eru að sjóðurinn styrkir ekki laun listamanna og oft er þessi liður mjög hár sem gerir heildarkostnað mjög háan. Hægt er að sækja um 70% af heildarkostnaði og þar af leiðandi getur þessi liður haft mikill áhrif á heildarkostnað. Myndlistarráð samþykkir að taka þennan lið út.
 - Rætt um liðinn „Greinið frá öðrum styrkjum sem umsækjandi hefur hlotið síðastliðin fimm ár“. Þessi liður er mikilvægur og mætti mögulega færa ofar. Tinna mun skoða það.
 - Einnig var farið yfir bókun myndlistarráðs frá 26. sept 2022: *Að bætt verði inn í leiðbeiningar klausu í þessa veru: »Í þeim tilvikum þegar sótt er um styrk vegna (a) sýningarraða eða (b) samsýninga hvetjum við skipuleggjendur til þess að senda inn eina umsókn fyrir verkefnið í heild í stað umsókna frá einstökum sýnendum. Ef sýnendur velja að senda inn umsóknir fyrir einstaka sýnendur, þá mælumst við til þess að ekki sé send inn umsókn vegna verkefnisins í heild.«*. Samþykkt að orða á eftirfarandi máta: *Í þeim tilvikum*

sem sótt er um styrk vegna sýningarraða eða samsýninga hvetur myndlistarráð skipuleggjendur til þess að senda inn eina umsókn fyrir verkefnið í heild í stað umsókna frá einstökum sýnendum. Ef þátttakendur velja til að senda inn umsóknir fyrir sínu framlagi, þá er mælt til þess að ekki sé send inn umsókn vegna verkefnisins í heild.

- Myndlistarráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði auglýstar sérstaklega. Tinna mun fylgja því eftir.
- Tinna fer yfir matsferli umsókna. Rætt um matskvarða samkvæmt úthlutunarreglum og vægi milli sjónarmiða. Eftirfarandi var samþykkt:

Matskvarði

Mat á umsóknum byggist á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- *listrænu gildi og mikilvægi verkefnis fyrir eflingu íslenskrar myndlistar, vægi 60%*
- *starfsferli, faglegum og/eða listrænum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda, vægi 20%*
- *að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum sem verkefnið miðar að og fjárhagsgrundvelli verkefnisins og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki, vægi 20%*

4. Viðurkenningar myndlistarráðs 2023

- Á síðasta fundi, 12. desember 2022, var samþykkt að funda í janúar og taka lokaákvörðun varðandi viðurkenningar myndlistarráðs.
- Málið rætt af gaumgæfni og myndlistarráð komst að niðurstöðu fyrir heiðursviðurkenningu, viðurkenningu fyrir útgefið efni, viðurkenning fyrir áhugaverðasta endurlitið og viðurkenning fyrir áhugaverðasta samsýningin.
- Ráðið skiptir niður með sér verkum og mun skrifa texta vali sínu til rökstuðnings. Viðurkenningarnar verða veittar á íslensku myndlistarverðlaununum 2023 sem haldin verða í mars.

Fundi slitið 17:15